

17. mál 2020-2021

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur, Skúla S. Ólafssyni, Hreiðari Erni Zoëga Stefánssyni, Örnunni Grétarsdóttur, Guðrúnu Karls Helgudóttur og Hildi Ingu Rúnarsdóttur.

### **Starfsreglur um ráðningu í prestsstörf.**

#### 1. gr.

##### *Lagagrundvöllur.*

Biskup Íslands ræður, fyrir hönd Þjóðkirkjunnar, í störf sóknarpresta, presta, héraðspresta og sérþjónustupresta Þjóðkirkjunnar.

#### 2. gr.

##### *Þarfagreining á prestakalli.*

Biskup Íslands undirbýr auglýsingu prestsstarfs með því að kalla eftir að sóknarnefnd/sóknarnefndir vinni ítarlega þarfagreiningu prestakalls og/eða héraðsnefndir vegna starfs héraðsprests. Biskup sendir viðkomandi sóknarnefnd/sóknarnefndum leiðbeiningar varðandi gerð þarfagreiningar. Prófastur stýrir þessari vinnu. Þarfagreining fylgir með auglýsingu fyrir viðkomandi prestsstarf.

Þar sem sóknir eru fleiri en ein geta fulltrúar hvernar sóknar tekið þátt í gerð þarfagreiningar. Biskup Íslands setur vinnureglur um nánari útfærslu á því fyrirkomulagi.

Niðurstaða þarfagreiningar skal borin undir sóknarnefndir og frestur gefinn til að gera athugasemdir. Vinna við gerð þarfagreiningar taki að hámarki tvær vikur.

#### 3. gr.

##### *Gerð þarfagreiningar.*

Þarfagreining innihaldi:

- a) Lýsingu, í stuttu máli, á prestakallinu og sóknum þess, ef um er að ræða embætti sóknarprests eða prests.
- b) Lýsingu á umfangi prestsþjónustunnar, starfsaðstöðu o.fl. er varðar hið kirkjulega starf.
- c) Val eftirtalinna þátta:
  - Barna og æskulýðsstarf.
  - Fjölmennning.
  - Fræðsla.
  - Helgihald.

- Kærleikspjónusta.
- Leiðtogahlutverk.
- Predikun.
- Tengsl.
- Öldrunarþjónusta.
- Annað.

#### 4. gr.

##### *Auglýsing um laus prestsstörf.*

Biskup Íslands auglýsir laust prestsstarf og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tvær vikur frá birtingu auglýsingar. Sæki enginn um starfið skal það auglýst að nýju að jafnaði innan þriggja mánaða frá birtingu fyrri auglýsingar.

Í auglýsingu skal a.m.k. eftirtalið koma fram:

1. Niðurstöður þarfagreiningar, sbr. 2. og 3. gr.
2. Frá hvaða tíma ráðið er í starfið.
3. Að umsækjendur leggi fram prófskírteini og staðfestingu um að viðkomandi hafi lokið starfsþjálfun. Einnig vottorð um aðra menntun og þjálfun sem nýtist í starfi.
4. Upplýsingar um starfsferil, starfsreynslu og annað það sem umsækjendur telja nauðsynlegt að fram komi.
5. Umsækjendur skili greinargerð, að hámarki 500 orð, um framtíðarsýn og væntingar er varða þjónustuna.
6. Að umsækjandi skuli leggja fram sakavottorð.
7. Hvenær umsóknarfrestur um embættið renni út.
8. Hver veiti nánari upplýsingar um starfið, starfskjör, erindisbréf og helstu lög og reglur sem um starfið gilda.
9. Hvort prestssetur fylgi starfinu.
10. Að sótt skuli um starfið á þar til gerðu eyðublaði biskupsstofu.
11. Að heimilt sé að óska eftir almennum prestskosningum.
12. Að nöfn umsækjenda verði birt á opnum vef Þjóðkirkjunnar að liðnum umsóknarfresti, hafi ekki verið óskað nafnleyndar. Nafnleynd umsækjenda á ekki við þegar um almennar prestskosningar er að ræða, sbr. 13. gr. starfsreglnanna.

## 5. gr.

### *Tímabundin ráðning í prestsstarf, starfaskipti og tilfærsla í starfi.*

Biskupi Íslands er heimilt að fengnu álit/umsögn sóknarnefnda/héraðsnefnda að ráða í prestsstarf án auglýsingar tímabundið, falli sá prestur frá sem ráðinn hefur verið eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda, fæðingarorlofs eða af öðrum ástæðum.

Óski prestur/prestar heimildar til starfaskipta, getur biskup að fengnu álit/umsögn sóknarnefnda/héraðsnefnda leyft tímabundin starfaskipti presta, að hámarki í eitt ár. Engar bætur verða greiddar ef laun lækka við skiptin.

Biskupi er heimilt að flytja presta úr einu starfi í annað með samþykki viðkomandi sóknarnefnda eða héraðsnefnda, ef við á.

## 6. gr.

### *Tálmanir á ráðningu.*

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsídóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- a) Barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- b) Almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e. kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot, skv. 23. kafla og brot gegn frjálstræði manna, skv. 24. kafla alm. hgl. nr. 19/1940, að undanskildum minniháttar líkamsmeiðingum, skv. 217. gr.
- c) Lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og hlotið refsídóm á fimm undangengnum árum.

Biskup Íslands skal leita eftir samþykki umsækjenda til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá. Synji umsækjandi um heimild til þess, er óheimilt að ráða viðkomandi til starfa. Skimun gildir í eitt ár eftir að heimild til þess er veitt. Prestum er skylt að fara í skimun á fimm ára fresti eftir fyrstu skimun.

## 7. gr

### *Samsetning valnefndar.*

Valnefnd er skipuð sjö fulltrúum að lágmarki. Prófasti sem leiðir vinnuna, fimm fulltrúum sóknarnefnda viðkomandi prestakalls sem kjörnir eru á sóknarnefndarfundum og lögfræðingi á biskupsstofu eða mannauðsstjóra biskupsstofu.

Þar sem sóknir eru fleiri en fimm í viðkomandi prestakalli getur hver sókn haft sinn fulltrúa í nefndinni. Við samsetningu valnefndar sé tekið mið af fjölda sóknarbarna hverrar sóknar. Sé ein sókna prestakallsins fjölmennari en hinar samanlagt skal taka mið af því við fjölda fulltrúa í valnefnd.

8. gr.

*Störf valnefndar.*

Valnefnd prestakalls velur sóknarprest og prest.

Valnefnd kemur saman eigi síðar en einni viku eftir að umsóknarfrestur rennur út. Á þeim fundi er farið yfir umsóknir, fylgiskjöl og aðrar upplýsingar frá viðkomandi umsækjanda.

Valnefnd skal boða umsækjendur til viðtals innan þriggja vikna frá lokum umsóknarfrests.

Valnefnd semur spurningar sem byggir á þarfagreiningunni. Allir umsækjendur um viðkomandi prestakall fá jafnlangan tíma til viðtals og sömu spurningar.

Valnefnd skal ná samstöðu um einn umsækjanda. Niðurstaða valnefndar telst bindandi ef tveir þriðju nefndarmanna ná samstöðu um hana.

Valnefnd skal byggja val sitt á grundvelli þarfagreiningarinnar og rökstyðja það á grundvelli hennar.

Fundir valnefndar eru lokaðir og er fulltrúum í valnefnd skylt að gæta þagmælsku um atriði er varða umsækjendur og þeir fá vitneskju um í starfi nefndarinnar og fellur sú skylda ekki úr gildi við starfslok í nefndinni.

Biskup setur leiðbeinandi reglur fyrir valnefndir og umsækjendur.

9. gr.

*Héraðsprestar.*

Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar.

Valnefnd skal skipuð þremur fulltrúum héraðsnefndar og lögfræðingi á biskupsstofu eða mannauðsstjóra biskupsstofu.

Prófastur leiðir vinnu nefndarinnar, sem velur héraðsprest úr hópi umsækjenda.

10. gr.

*Sérþjónustuprestar.*

Biskup Íslands ræður, fyrir hönd Þjóðkirkjunnar, í störf sérþjónustupresta Þjóðkirkjunnar að fenginni niðurstöðu valnefndar. Valnefnd er skipuð þremur fulltrúum þeirra sem viðkomandi þjónusta varðar, prófasti, sem leiðir vinnuna og lögfræðingi á biskupsstofu eða mannauðsstjóra biskupsstofu.

11. gr.

*Ráðning í prestsstarf.*

Biskup ræður þann umsækjanda í starfið sem valnefnd hefur náð samstöðu um og kynnir hana umsækjendum enda telji hann niðurstöðu valnefndar reista á

lögætum sjónarmiðum. Náist ekki samstaða í valnefnd getur biskup framlengt umsóknarfrestinn eða ákveðið að auglýsa starfið að nýju.

12. gr.

*Formgalli á málsmeðferð.*

Telji biskup Íslands að verulegur formgalli sé á málsmeðferð valnefndar við ráðningu prests, getur hann ákveðið að ráða ekki í starfið og auglýsa það nýju.

13. gr.

*Almenn prestskosning.*

Atkvæðisbær sóknarbörn teljast þau sem skráð eru í Þjóðkirkjuna í prestakalli samkvæmt þjóðskrá og eru fullra 16 ára við birtingu auglýsingar á opnum vef Þjóðkirkjunnar um laust starf sóknarprestis eða prestis í prestakalli.

Nú kemur fram ósk, innan fimm daga frá birtingu auglýsingar, a.m.k. fimm atkvæðisbærra sóknarbarna um að almenn kosning skuli fara fram í prestakalli, eftir að embætti prestis hefur verið auglýst laust til umsóknar. Skal þá biskupsstofa svo skjótt sem auðið er gefa atkvæðisbærum sóknarbörnum í prestakallinu kost á því að óska eftir almennri kosningu með rafrænni undirritun. Notast skal við öruggan hugbúnað og þ. á m. nota almenna innskráningarþjónustu s.s. rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands. Skal sóknarbarn auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en undirritað er rafrænt. Skal vera unnt að undirrita samkvæmt framanskráðu uns umsóknarfrestur um prestsembætti rennur út.

Hafi að lágmarki fjórðungur atkvæðisbærra sóknarbarna undirritað ósk um almenna prestskosningu skal orðið við henni. Aldrei er þó þörf fleiri undirritana en fimm hundruð atkvæðisbærra sóknarbarna.

Rísi ágreiningur um hvort almenn prestskosning skuli fara fram eða um framkvæmd hennar að öðru leyti skal fjallað um málið, eftir því sem við á, samkvæmt starfsreglum um kjör til kirkjuþings. Yfirkjörstjórn Þjóðkirkjunnar úrskurðar um ágreining skv. 18.-21. gr. þessarar starfsreglna.

Almenn prestskosning skal vera leynileg, sbr. þó 3. mgr. 15. gr.

14. gr.

*Kjörstjórn við almennar prestskosningar.*

Kjörstjórn við almennar prestskosningar er sú sama og kjörstjórn Þjóðkirkjunnar samkvæmt starfsreglum um kjör til kirkjuþings.

Jafnskjótt og biskupi Íslands hafa borist skriflegar óskir um almenna kosningu í prestakalli, frá tilgreindum fjölda atkvæðisbærra sóknarbarna, sbr. 1. og 2. mgr. 13. gr., skal hann tilkynna kjörstjórn það skriflega.

Kjörstjórn er heimilt að fela hlutaðeigandi prófasti eða öðrum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar að annast undirbúning og framkvæmd kosningar á ábyrgð kjörstjórnar.

Biskupsstofa skal láta kjörstjórn í té þá nauðsynlegu aðstöðu og þjónustu sem óskað er eftir við almenna prestskosningu.

#### 15. gr.

##### *Störf kjörstjórnar.*

Kjörstjórn ákveður hvenær kosning skuli fara fram og skal hún auglýst með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Kjörstjórn annast prentun kjörseðla. Kjörseðlar skulu vera úr pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Á þá skal prenta nöfn umsækjenda í stafrófsröð.

Kjörstjórn auglýsir á heimasíðu Þjóðkirkjunnar og með öðrum tíðkanlegum hætti, hvernig, hvenær og hvar kosning skuli fara fram og hverjir séu í kjöri. Kjörstjórn er heimilt að ákveða að hafa fleiri en eina kjördeild ef aðstæður í prestakalli þykja gefa tilefni til þess.

Kjörstjórn er heimilt að ákveða að kosning verði rafræn og fer þá um framkvæmd hennar samkvæmt starfsreglum um kjör til kirkjuþings.

#### 16. gr.

##### *Kjörskrá.*

Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn, á grundvelli gagna frá Þjóðskrá Íslands.

Á kjörskrá skal taka þá sem skráðir eru í íslensku Þjóðkirkjuna, eiga lögheimili í prestakallinu og hafa náð 16 ára aldri á þeim degi sem kosning fer fram.

Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún staðfest á fundi kjörstjórnar og undirrituð af formanni kjörnefndar. Kjörskrá skal liggja frammi á aðgangsstýrðum vef eigi síðar en þremur vikum fyrir kjördag, þar sem kjósandi getur flett upp hvort hann sé á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notuð almenn innskráningarþjónusta s.s. Íslykill Þjóðskrár Íslands.

## 17. gr.

### *Athugasemdir við kjörskrá.*

Hver sá, sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé þar ofaukið, þarf að hafa afhent kjörstjórn kæru sína, ásamt rökum og gögnum máli sínu til stuðnings, áður en kosning hefst.

Sé kæran um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal kjörstjórn senda þeim sem yfir er kært eftirrit af kærinni.

Um athugasemdir við kjörskrá, sem fram eru komnar, skal kjörstjórn úrskurða í síðasta lagi þremur dögum fyrir kjördag. Skal gefa þeim, er kæran varðar, kost á að tjá sig og koma að gögnum áður en kæran er úrskurðuð.

## 18. gr.

### *Yfirkjörstjórn Þjóðkirkjunnar.*

Úrskurði kjörstjórnar má kæra til yfirkjörstjórnar Þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings. Hún skal hafa úrskurðuð fram komnar kærur degi fyrir kjördag. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni.

## 19. gr.

### *Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.*

Þeir sem eru fjarstaddir eða gera ráð fyrir að vera það þegar kosning fer fram og geta ekki sótt kjörfund af þeim sökum, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá kjörstjórn og getur hún hafist þá er tvær vikur eru til kjördags. Kjörstjórn er heimilt að fela prófasti eða öðrum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar að annast, á ábyrgð kjörstjórnar, framkvæmd kosningar við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Kjörstjórn auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram.

Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðna daga og ákveðinn tíma á hverjum degi, þó eigi skemur en eina klukkustund. Tilgreina skal í gerðabók hverjir greiði atkvæði utan kjörfundar.

## 20. gr.

### *Úrslit kosningar.*

Talning atkvæða fer fram hjá kjörstjórn er hún hefur fengið öll kjörgögn í hendur. Kosning er gild ef minnst fjórðungur atkvæðisbærra manna nýtir atkvæðisrétt sinn. Kjörstjórn tilkynnir biskupi Íslands úrslit kosningar og sendir honum afrit úr gerðabók.

21. gr.

*Ráðning kjörins umsækjanda.*

Ráða skal þann umsækjanda í prestsstarfið sem hlotið hefur flest greidd atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti. Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og telst hann kjörinn hljóti hann meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn hlýtur bindandi kosningu getur biskup Íslands ráðið í prestsstarfið, úr hópi umsækjenda, þann sem hann metur hæfastan, framlengt umsóknarfrest eða auglýst starfið að nýju.

22. gr.

*Starfslok vegna aldurs.*

Fastráðning presta fellur úr gildi, án uppsagnar, frá og með næstu mánaðamótum eftir að 70 ára aldri er náð.

23. gr.

*Gildistaka.*

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna, nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Við gildistöku þeirra falla brott starfsreglur um ráðningu í prestsstörf og starfslok nr. 144/2016, með síðari breytingum.

*Samþykkt á kirkjuþingi 24. október 2021*